

Skólabyrjun 2016

Skólaásetning Grunnskóla Húnaþings vestra verður fimmtudaginn 25. ágúst kl. 12:00 í Íþróttamiðstöð Hvammstanga. Að lokinni skólaásetningu fara nemendur með umsjónarkennurum sínum til stofu og taka á mótí stundaskrá. Foreldrar eru hvattir til að fylgja nemendum í stofur til að fá upplýsingar hjá kennurum um skólastarfið. Skólastjórnendur verða til viðtals eftir skólaslit fyrir þá sem þá þurfa. Ekki verður skólaakstur á skólaásetningardaginn.

Stundatöflur eru aðgengilegar á mentor.is frá og með 21. ágúst. Þeir sem vilja stundatöflur í tölvupósti geta sent beiðni um það til skólastjóra. **Nemendur í 7. – 10. bekk þurfa að skoða sínar töflur vel, hverja lotu fyrir sig þar sem þær breytast eftir lotum.**

Kennsla hefst hjá föstudaginn 26. ágúst.

Kennsla í valgreinalotum hefst hjá 7. – 10. bekk 28. ágúst. Skoðið stundatöflu nemenda vel þar sem hún segir til um í hvaða valgrein nemendur eru á hvaða tíma í Lotu 1.

Þeir sem þurfa nánari leiðbeiningar hafi samband við umsjónarkennara eða skólastjórnendur.

Nemendur sem skráðir eru í starfsnám eru ekki skráðir í skólaakstur og mat. Ef óskað er eftir mat skal láta skólastjórnendur vita. Ef óskað er skólaaksturs skal biðja um það hjá viðkomandi bílstjóra.

Hægt er að biðja um breytingar á vali til 7. september 2016.

Hagnýtar upplýsingar

Svefn

Mikilvægt er að nemendur fái nægan svefn og hvíld. Séu þau ekki útsofin og hvíld geta þau ekki notið kennslunnar né sinnt því starfi sem fer fram í skólanum. Þau verða pirruð og þreytt og námsefni fer fyrir ofan garð og neðan.

Hæfilegur svefntími er talinn

- Fyrir 5 – 8 ára börn 10 -12 klst. á sólarhring
- Fyrir 9 – 12 ára börn 10 – 11 klst. á sólarhring
- Fyrir 13 – 15 ára börn 9 – 11 klst. á sólarhring

Skápar fyrir nemendur

Nemendur í 7. – 10. bekk fá úthlutað nemendaskáp frá skólabyrjun til skólaloka. Nemandinn útvegar sjálfur lás til að læsa sínum skáp. Ef lykill glatast eða nemandi getur ekki opnað skápinn klippir starfsmaður skólans á lásinn. Nemandi þarf að útvega nýjan lás.

Notkun reiðhjóla, hlaupahjóla, hjólabretta og línuskauta

Skólinn ber ekki ábyrgð á hjólum og hlaupahjólum sem nemendur koma á í skólann. Öll mál sem tengjast skemmdum á reiðhjólum/ hlaupahjólum verða foreldrar að gera upp sín í milli. Ekki er heimilt að geyma hjól/ hlaupahjól inni í skólanum. Öll notkun á þessum tækjum er bönnuð í frímínútum. Óheimilt er að mæta á línuskautum, hjólabrettum og rúlluskóm í skólann.

Óskilamunir

Í skólanum safnast mikið af óskilamunum, þar á meðal vandaðar og óslitnar flíkur af yngri jafnt sem eldri nemendum. Ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda skila sér ekki heim geta foreldrar komið og fengið að skoða óskilamuni. Mikilvægt er að merkja allar flíkur nemenda, skófatnað jafnt sem annað. Viku eftir skólaslit er óskilamunum sem ekki hafa verið sóttir komið til Rauða krossins.

Frístund

Börn í 1.- 4. bekk skólans eiga kost á að dvelja í Frístund eftir skólatíma dag hvern til kl. 16:00. Foreldrar nemenda í 5. og 6. bekk geta einnig sótt um vistun innan starfstíma skóla í frístund ef fjöldi leyfir. Frístund starfar einnig alla aðra virka almanaksdaga ársins (nema viðtalsdaga, á skólaslitum og skólasetningu) frá kl. 8:00 – 16:00. Sumarfrí Frístundar er á sama tíma og sumarfrí leikskólans Ásgarðs ár hvert.

Þá daga sem skóli starfar ekki innan skóladagatal (s.s. starfsdaga, jólafrí og páskafrí) þarf að láta umsjónarmann Frístundar vita með 3 daga fyrirvara um vistun þessa daga. **Enginn skráist sjálfkrafa í vistun þessa daga og ef enginn er skráður er Frístund lokuð.**

Skrá þarf börn í Frístund fyrir allan veturinn með skráningarblaði sem tilgreinir hvaða daga á að nota. Börn geta ekki byrjað í Frístund fyrr en skráningarblaði hefur verið skilað. Vistun í frístund miðast við mánaðamót, breytingar þurfa að berast fyrir 15. hvers mánaðar til þær taki gildi 1. mánaðar þar á eftir.

Frístund utan starfstíma skóla á sumrin þarf að skrá sérstaklega samkvæmt auglýsingu.

Greitt er fyrir Frístund samkvæmt gjaldskrá Húnaþings vestra

Eftir sumarfrí Frístundar og leikskóla eiga verðandi nemendur í 1. bekk skólans rétt á vistun.

Skóladagatal

Skóladagatal skólans má nálgast á heimasíðu skólans. Skólaárinu er skipt niður í 6 lotur sem merktar eru með stjörnum á skóladagatali. Við upphaf hvernar lotu má gera ráð fyrir **breytingum á stundaskrá, þær breytingar birtast á mentor.is. Það er því mikilvægt að foreldrar skoði stundaskrár, námsáætlanir og heimavinnu á mentor mjög reglulega, nemendur í 7. – 10. bekk þurfa að nota mentor.is a.m.k. daglega.**

Mötuneyti

Gert er ráð fyrir því að allir nemendur skólans fái morgunhressingu og hádegismat í skólanum og foreldrar greiða fyrir það samkvæmt útgefni gjaldskrá ár hvert. Þeir sem vilja annað fyrirkomulag láti skólastjórnendur vita. Mataráskrift er ekki felld niður (vika eða meira) nema foreldrar/starfsmenn óski þess með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara.